

## Úthlutunarreglur Félags- og skólajónustu Snæfellinga vegna þjónustuíbúðakjarna FSS að Ólafsbraut 62 – 64

Með vísan til ákvæða laga nr. 40/199, með síðari breytingum; ennfremur laga nr. 38 /2018 og reglugerðar nr.1054 /2010 með síðari breytingum

### 1. gr. **Markmið**

Markmið er að veita þjónustu til fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess og því gert kleift að búa sjálfstæðri búsetu í sértæku húsnæði þjónustuíbúðakjarna FSS. Þjónustan verði einstaklingsbundin og heildstæð til að stuðla að valdeflingu íbúans, aukinnar færni og möguleika hans til þátttöku í samfélagi án aðgreiningar. Sjálfstæð búseta styrki félagslega stöðu, sjálfsmynd og sjálfsvirðingu einstaklingsins.

### 2. gr. **Forsendur og skilyrði**

- Umsækjandi sé orðinn 18 ára
- Eigi lögheimili á Snæfellsnesi; Eyja-og Miklaholtshreppi, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Snæfellsbæ eða Stykkishólmsbæ
- Fötluargreiningargögn Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins séu til staðar
- SIS mat tilgreini þjónustuþarfir frá 6. flokki eða ofar
- Umækjandi hafi verið virkur og eða verði notandi dagþjónustu- og hæfingarstöðvar FSS

### 3. gr. **Umsóknarferli**

Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Félags- og skólajónustu Snæfellinga, [www.fssf.is](http://www.fssf.is), ennfremur á skrifstofu FSS. Umsóknir berist forstöðumanni FSS, annað hvort sem viðhengi í tölvupósti á netfangið [sveinn@fssf.is](mailto:sveinn@fssf.is) ellegar á skrifstofu FSS Klettsbúð 3, 360 Snæfellsbæ

Umsóknarfrestur verður tilgreindur í auglýsingu eftir umsóknum.

### 4. gr. **Afgreiðsla umsókna**

Þjónustumatsteymi sem skipað er yfirfélagsráðgjafa, ráðgjafarþroskajálfa og forstöðumanni FSS yfirfer umsóknir sem berast og metur hvort þær teljist gildar, sbr. forsendur og skilyrði í 2. gr. þessara reglna.

Forgangsröðun teymisins við úthlutun þjónustuíbúða tekur mið af mati Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins á stuðningsþörf. Umsækjandi sem hefur mesta stuðningsþörf raðast efst á forgangslista þjónustunnar.

Niðurstaða þjónustumatsteymis öðlast gildi jafnskjótt og stjórn byggðasamlagsins um rekstur Félags- og skólajónustu Snæfellinga hefur staðfest hana.

FSS sendir umsækjendum skriflegt svar við umsókn þeirra. Sé umsókn hafnað skal synjun rökstudd með skýrum hætti.

## 5. gr. Kæra

Umsækjandi er fær synjun umsóknar getur kært þá ákvörðun til úrskurðarnefndar velferðarmála innan 3ja vikna frá því honum berst vitneskja um þá niðurstöðu.

## 6. gr. Þjónustusamningur

Umsækjendur er hljóta úthlutun verða ástamt talsmanni og eða foreldrum verða boðaðir á fund þar sem kynntur verður undirbúningur að búsetu í íbúðakjarnanun. Gerður verður skriflegur samningur FSS og íbúa þar sem tilgreind er ábyrgð og skyldur þjónustuaðila (FSS) og einstaklings; umfang og innihald þjónustunnar; um sameiginlegan íbúasjóð, lykclasamning, húsaleigusamning og einstaklingsbundinn þjónustusamning FSS og íbúa sem endurskoðaður verður reglulega.

## 7. gr. Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar í stjórn byggðasamlagsins um rekstur Félags- og skólajónustu Snæfellinga þann 04.06. 2021, og öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 04.06. 2021*

*Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðurmaður  
(sign.)*